

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. mars 2023.

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um inniaðstöðu farþega og vagnstjóra í Spönginni

Lagt er til að inniaðstöðu fyrir strætófarþega verði komið fyrir í Spönginni. Jafnframt er lagt til að í sömu inniaðstöðu verði kaffiaðstaða fyrir vagnstjóra.

Greinargerð:

Í Spönginni er skiptistöð fyrir Strætó og þar þurfa farþegar oft að bíða í kuldanum eftir næsta vagni. Nú eru vagnstjórar þar með lítinn gám til að sitja inni í og hvíla sig milli ferða. Ekki er hægt að segja að það séu boðlegar starfsaðstæður. Mikilvægt er að inniaðstöðu sé komið fyrir sem bæði farþegar og vagnstjórar nýti sér á milli þess sem strætisvagnar koma og fara.